

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

undirbúningur (nafnorð)

Það að búa sig undir eitthvað. Að gera eitthvað klárt.

Dæmi: Undirbúningur jóla hefst oft snemma í desember.



aðdragandi (nafnorð)

Atburðarás sem fer á undan eða leiðir til tiltekins atburðar.

Dæmi: Stofnun hljómsveitarinnar átti sér langan aðdraganda.

bylur (nafnorð)

Mikill vindstyrkur með snörpum hviðum og snjókomu.

Dæmi: Blindbylur skall á í desember og féll skólahald víða niður.




Í málshættinum „Bylur hæst í tómri tunnu“ er orðið bylur mynd af sagnorðinu að bylja. Að bylja merkir að gefa frá sér drynjandi hljóð. Merking málsháttarins er að það heyrir hátt í þeim sem lítið veit.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

aðventa (nafnorð)

Siður í kristinni trú. Kallast einnig jólafasta. Aðventan hefst fjórða sunnudag fyrir jóladag og stendur í fjórar vikur.

Dæmi: Aðventan er tíminn þegar Hafnarfjörður skartar sínu fegursta og ilmur jólanna liggur í loftinu.



kærleikur (nafnorð)

Getur birst sem umhyggja fyrir öðrum, góðverk sem við gerum, brosið sem við sendum til annarra, faðmlög, huggun og fleira í þeim dúr.

Dæmi: Dýrin geta verið góðir vinir okkar þegar þeim er sýndur kærleikur.

ljúffengur (lýsingarorð)

Mjög góður á bragðið.

Dæmi: Við borðuðum ljúffengan hádegismat í skólanum.



ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR



hátíð (nafnorð)

Stund, dagur eða lengri tími sem haldinn er til að fagna af einhverju tilefni. Hátíðir eru til dæmis trúaaarhátíðir, þjóðhátíðir og tónlistarhátíðir.

*Dæmi: Það voru allir heima yfir hátíðirnar.
Gleðilega hátíð!*




Nöfn hátíða ársins eru rituð með litlum staf svo sem **jól**, **páskar**, **hvítasunna**.

hefð (nafnorð)

Eitthvað sem gert er eins eða líkt ár eftir ár.

Dæmi: Það er hefð að baka smákökur á aðventunni.



tilgangur (nafnorð)

Það sem ætlast er fyrir með einhverju, áætlun, markmið.

Dæmi: Tilgangurinn með bókinni er skemmtun og fræðsla.

Dæmi: Í hvaða tilgangi kemur hann hingað?

ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

flóttamaður (nafnorð)

Sá sem neyðst hefur til að flýja heimili sitt til dæmis vegna stríðs, hamfara eða skoðanna sinna.

Dæmi: Rauði krossinn tók vel á mót flóttamönnunum.



www.flotti.org er heimasíða á vegum Sameinuðu þjóðanna þar sem hægt er að setja sig í spor flóttamanns.

hælisleitandi (nafnorð)

Flóttamaður verður hælisleitandi þegar hann sækir um að búa í öðru landi.

Dæmi: Hælisleitendum fer fjölgandi.



háski (nafnorð)

Eitthvað hættulegt, hætta, voði.

Dæmi: Hann lenti í miklum háska í fjallgöngunni.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

Nafn: _____

Fallbeygðu orðin. Notaðu hjálparorðin *hér er, um, frá, til*.

Farðu á slóðina bin.arnastofnun.is og leiðréttu ef á þarf að halda.

Nf.	bylur
þf.	
þgf.	
Ef.	

Nf.	aðdragandi
þf.	
þgf.	
Ef.	

Nf.	undirbúningur
þf.	
þgf.	
Ef.	

Nf.	kærleikur
þf.	
þgf.	
Ef.	

Nf.	aðventa
þf.	
þgf.	
Ef.	

Nf.	tilgangur
þf.	
þgf.	
Ef.	

Nf.	hefð
þf.	
þgf.	
Ef.	

Nf.	hátíð
þf.	
þgf.	
Ef.	

Nf.	háski
þf.	
þgf.	
Ef.	

Nf.	flóttamaður
þf.	
þgf.	
Ef.	


ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

Nafn: _____

VÍSSENDINGAR:

flóttamaður
hælisleitandi
háski
hátíð
hefð
tilgangur
aðventa
kærleikur
ljúffengur
undirbúningur
aðdragandi
bylur



LÁRÉTT

1. eitthvað hættulegt, hætta, voði
4. eitthvað sem gert er eins eða líkt ár eftir ár.
5. sá sem neyðst hefur til að flýja heimili sitt t.d. vegna stríðs, hamfara eða skoðanna.
9. getur birst sem umhyggja fyrir öðrum, ást.
10. síður í kristinni trú
11. það að búa sig undir eitthvað. Að gera eitthvað klárt.

LÓÐRÉTT

1. flóttamaður sem sækir um að búa í öðru landi.
2. stund, dagur eða lengri tími sem haldinn er til að fagna af einhverju tilefni.
3. mjög góður á bragðið
6. atburðarás sem leiðir til atburðar
7. mikill vindstyrkur
8. það sem ætlast er fyrir með einhverju, áætlun, markmið

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

Nafn: _____

Fylltu inn í krossorðaglímuna. Reyndu að nota orð sem tengjast orðinu **ljúffengur**.

	l	
	j	
	ú	
	f	
	f	
	e	
	n	
	g	
mat	u	r
	r	

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

Nafn: _____

Fylltu inn í krossorðaglímuna. Reyndu að nota orð sem tengjast orðinu **undirbúningur**.

	u	
	n	
	d	
	i	
stæ	r	ðfræðipróf
	b	
	ú	
	n	
	i	
	n	
	g	
	u	
	r	

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna

bylur (no.), **aðdragandi** (no.), **undirbúningur** (no.), **ljúffengur** (lo.), **kærleikur** (no.),
aðventa (no.), **tilgangur** (no.), **hefð** (no.), **hátíð** (no.), **háski** (no.), **hælisleitandi** (no.),
flóttamaður(no.).

so=sagnorð, lo=lýsingarorð, no=nafnorð

Veldu 3 eða fleiri orð úr boxinu og skrifaðu stutta sögu þar sem orðin koma fyrir.
Mundu eftir fyrirsögn, byrjun, miðju og endi. Myndskreyttu. Gangi þér vel!

[illegible]

Höfundur sögunnar:

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR – upprifjun síðustu fjögurra vikna

Klipptu út spurningu og límdu í stílabókina þína.

Svaraðu eins mörgum spurningum og þú getur. Svaraðu í heilum setningum og beittu þeim stafsetningareglum sem þú hefur lært.

BYLUR

Segðu frá mesta snjó**byl** sem þú hefur lent í. Ef þú manst ekki eftir neinu, skáldaðu þá.

AÐDRAGANDI

Hvað gerðir þú í **aðdraganda** jóla?

UNDIRBÚNINGUR

Hvernig er **undirbúningi** jólanna háttað á þínu heimili?

LJÚFFENGUR

Hver er **ljúffengasti** matur sem þú hefur smakkað?

KÆRLEIKUR

Á hvaða hátt getur þú sýnt **kærleik**?

AÐVENTA

Segðu frá einhverju sem þú gerðir á **aðventunni**.

TILGANGUR

Hver er **tilgangurinn** með lífinu?

HEFÐ

Hvaða **hefðir** eru í mestu uppáhaldi hjá þér?

HÆLISLEITANDI

Hvað veist þú um **hælisleitendur**? Ef þú veist lítið, hvað myndir þú helst vilja fá að vita?

FLÓTTAMAÐUR

Hvað veist þú um **flóttamenn**? Ef þú veist lítið, hvað myndir þú helst vilja fá að vita?

HÁTÍÐ

Hvaða **hátíð** er í mestu uppáhaldi hjá þér og hvers vegna?

HÁSKI

Hefur þú lent í **háska** eða þekkir þú einhvern sem hefur lent í **háska**?